

Aðgerðaáætlun velferðarsviðs vegna stýrihóps um aukin tækifæri fatlaðs fólks til atvinnu og virkni 2018-2020

A	Tillaga 3: Uppbygging verndaðra vinnustaða og hæfingartengdrar þjónustu	Markmið	Aðgerð/verkefni	Staða verkefnis	Nánar um stöðu	Ábyrgð	Verklok	1.2.2020
	<p><i>Uppbygging verndaðra vinnustaða og hæfingartengdrar þjónustu er á ábyrgð sveitarfélaga skv. lögum. Reykjavíkurborg á að sýna frumkvæði, vera leiðandi og leita fjölbreyttra leiða til að auka möguleika fólks til atvinnu og virkni. Lagt er til að Reykjavíkurborg skoði þátttöku í verkefnum á vegum einkaaðila sem stuðla að fjölbreytileika í störfum fyrir fatlað fólk sérstaklega í skapandi greinum s.s. þáttagerð, hönnun o.fl. Hér gæti framlag Reykjavíkurborgar verið að leggja fram starfsfólk og sérfræðiþekkingu og mögulega húsnæði.</i></p>	<p>Auka framboð og fjölbreytileika í störfum fyrir fatlað fólk sem þarf hæfingartengda þjónustu.</p>	<p>A1-1: Auglýst verði eftir samstarfsaðilum til að búa til fjölbreytta vinnustaði með áherslu á skapandi störf fyrir fatlað fólk.</p>	<p>Í vinnslu.</p>	<p>Viðræður standa yfir við Græna Skáta (vinnustaður á vegum skátahreyingarinnar) og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Einnig er verið að skoða möguleika á samstarfi við Þroskahjálp og aðra hagsmunaaðila. Fyrirhugað er að auglýsa eftir fleiri samstarfsaðilum.</p>	<p>Skrifstofa málefna fatlaðs fólks í samvinnu við mannréttinda-skrifstofu.</p>	<p>2018-2020</p>	<p>Búið er að auglýsa og viðræður standa yfir við áhugasaman aðila. Sá aðili er að leita eftir stuðningi í formi húsnæðis.</p>

B	Tillaga 4: Einstaklingar með flóknar þjónustuparfir	Markmið	Aðgerð/Verkefni	Staða verkefnis	Nánar um stöðu	Ábyrgð	Verklok	1.2.2020
	<p>Tryggja nýja tegund vinnu- og virkniúrræði sem hentar hópi með flóknar þjónustuparfir</p>	<p>B1-1: Finna húsnæði fyrir smíðaverkstæði og ráða verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið.</p>	<p>Í vinnslu</p>	<p>Búið er að afhenda velferðarsviði lykla að húsnæði fyrir smíðaverkstæðið. Forstöðumaður hefur verið ráðinn til að stýra verkefninu. Kaup á tækjum og nauðsynlegum búnaði standa yfir. Starfsemi mun hefjast í sumar. Áskorun: Til að styðja við starfsemi smíðastofunnar og tryggja að fatlað fólk sem hefur miklar og flóknar stuðningsþarfir geti nýtt sér smíðastofuna þyrfti að auka um 1 stöðugildi á heimilum viðkomandi svo starfsmenn geti fylgt þeim í vinnu og virkni. Mikilvægt er að starfsmenn þekki viðkomandi og ekki séu of margir starfsmenn sem komi að þjónustu.</p>	<p>Skrifstofa málefna fatlaðs fólks í samvinnu við skrifstofu öldrunar og húsnæðismála</p>	<p>Undirbúningur hefst 2018. Úrræði komið á fót í lok 2019.</p>	<p>Smiðaverkstæðið (Smírey) hóf starfsemi í lok árs 2019</p>	

C Tillaga 5: Einstaklingar með skerta starfsgetu	Markmið	Aðgerð/Verkefni	Staða verkefnis	Nánar um stöðu	Ábyrgð	Verklok	1.2.2020
<p><i>Lagt er til að stofna „vinnustað inn á vinnustað“ sem tilraunaverkefni til eins árs að sænskri fyrirmynd. Fólk með skerta starfsgetu er ráðið inn á vinnustað hjá Reykjavíkurborg til að sinna ýmsum störfum. Yfir hópnum er umsjónaraðili sem starfar sem nokkurs konar tengiliður milli vinnustaðarins og starfsfólksins. Sem dæmi væri hægt að fara með lítinn hóp af einstaklingum með skerta starfsgetu inn á til dæmis hjúkrunarheimili þar sem þeir myndu sinna fjölbreyttum verkefnum undir stjórn umsjónarmanns. Stefnt er að því að finna fleiri/fjölbreyttari vinnustaði út frá þeirri reynslu sem verður til af þátttöku í tilraunaverkefninu</i></p>	<p>Gera tilraun með nýja tegund vinnumiðaðs verkefnis „vinnustaður innan vinnustaðar“ fyrir fólk með skerta starfsgetu</p>	<p>C1-1: Setja upp tilraunaverkefni á til dæmis hjúkrunarheimili þar sem einstaklingar með skerta starfsgetu sinna störfum í þvottahúsi, eldhúsi, félagsstarfi o.s.frv.</p>	<p>Ekki hafið</p>	<p>Í undirbúningi er að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að finna og gera tillögu að hentugum vinnustað, útfæra verkefnið og leggja fram kostnaðargreiningu.</p> <p>Undirbúningshópi undir aðgerð C1-2 verður falið að skoða þessa aðgerð</p>	<p>Skrifstofa málefna fatlaðs fólks í samstarfi við skrifstofu mannauðs mála</p>	<p>Seinni hluti árs 2019.</p>	<p>Ekki hafið</p>
		<p>C1-2: Búa til undirbúningshóp sem finnur hentugan vinnustað og formar verkefnið og leggur kostnaðaráætlun fyrir borgarráð.</p>	<p>Í vinnslu</p>		<p>Skrifstofa málefna fatlaðs fólks í samstarfi við skrifstofu mannauðs</p>	<p>Fyrri hluti árs 2019.</p>	<p>Starfshópurinn mun hefja störf í mars 2020</p>
		<p>C1-3: Skoða félagslega liðveislu og hvort hægt sé að nýta félagslega liðveislu inni á vinnustað.</p>	<p>Ekki hafið</p>		<p>Skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs</p>	<p>Fyrir lok 2019</p>	<p>Verður unnið samhliða vinnu starfshóps, sbr. lið C1-2</p>

D	Tillaga 6: Aldrað fatlað fólk	Markmið	Aðgerð/Verkefni	Staða verkefnis	Nánar um stöðu	Ábyrgð	Verklok	1.2.2020
	<p>Lagt er til að kanna möguleika á stofnun dagdvalarrýma fyrir aldrað fatlað fólk, sem notið hefur þjónustu í hæfingartengdum úrræðum. Hægt að byrja með tíu pláss til að stuðla að meiri hreyfingu á plássum í hæfingartengdum úrræðum s.s. lðjubergi og Ási styrktarfélagi. Öldrun byrjar fyrr hjá ýmsum hópum fatlaðs fólks og þess vegna er mikilvægt að koma til móts við þeirra þarfir og hafa sveigjanleika í virkniúrræðum hjá þessum hópi. Í tillögu að uppbyggingaráætlun er lagt til að bætt verði við 10 dagdvalarrýmum fyrir aldrað fatlað fólk. Mikilvægt er að virða aldurstengdar þarfir og gera öldruðu, fötluðu fólki kleift að eldast með reisn. Í dag fá 10 einstaklingar 67 ára og eldri þjónustu á starfsstöðum vinnumiðaðrar stoðþjónustu. Formlega hefur verið farið fram á greiðslu daggjalda við velferðarráðuneytið, með bréfi í júní 2016 og ítrekun í nóvember 2016. Beðið er svara frá velferðarráðuneytinu. Meðalverð á núverandi dagþjónusturýmum samkvæmt samningi við Ás styrktarfélag eru lögð til grundvallar samtals 5.100.000 á rými.</p>	<p>Setja á fót dagdvalarrými fyrir aldrað fatlað fólk.</p>	<p>D1-1: Þar til dagdvalarrými fyrir fatlað eldra fólk býðst á vegum ríkisins verði samið við Ás um 10 rými strax fyrir aldraða sem hafa verið í hæfingartengdri þjónustu.</p>	<p>Breyting</p>	<p>Ekki hefur verið samið við ÁS um dagdvalarrými fyrir aldrað fatlað fólk. Af hálfu sérfræðinga velferðarsviðs er lagt til að lðjubergi verðir breytt í félagsmiðstöð fyrir aldrað fatlað fólk. Þjónustuhópurinn þar er að eldast og með þessu móti væri unnt að veita þeim áfram þjónustu og stuðla að fjölgun rýma fyrir þennan hóp. Með tilkomu nýrra úrræða skapast tækifæri til að mæta þörfum aldraðs fatlaðs fólks. Til að viðhalda og bæta flæði í þjónustukeðju velferðarsviðs er nauðsynlegt að farið verði í uppbyggingu á dagdvöl/félagsmiðstöð fyrir aldraða fatlaða einstaklinga og einstaklinga sem fá hamlandi öldrunareinkenni fyrir á æviskeiðinu, sem oft er reyndin þegar um fatlaða einstaklinga er að ræða. Unnið verður að því færa starfsemi sérsveitarinnar (vinnuflokkur sem lðjuberg sér um og sinnir verkefnum á vegum umhverfis- og skipulagssviðs) úr lðjubergi og tengja hana við Smíðastofuna sem verið er að opna í Arnarbakka.</p>	<p>Skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála.</p>	<p>2017</p>	<p>Í vinnslu.</p>
		<p>D1-2: Undirbúningshópur verði skipaður sem hefji viðræður við ríkið um 10 dagdvalarrými fyrir aldrað fólk. Uppbyggingaráætlun geri ráð fyrir þessum 10 rýmum.</p>	<p>Breyting</p>	<p>Skipaður verður undirbúningshópur sem fær það hlutverk að leggja fram tillögur að breytingum á starfsemi í lðjubergi og tengingu þeirrar starfsemi við aðra starfsemi Reykjavíkurborgar fyrir aldraða. Óskir settar fram í fimm ára áætlun velferðarsviðs 2020-2024.</p>				

E	Tillaga 7: Atvinnuuppbygging fyrir ungt fatlað fólk	Markmið	Aðgerð/Verkefni	Staða verkefnis	Návar um stöðu	Ábyrgð	Verklok	1.2.2020
<p><i>Unnið verði að atvinnuuppbyggingu í samræmi við þarfagreiningu Velferðarsviðs um þörf á hæfingartengdri þjónustu sem fram kemur í tillögu að uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk frá janúar 2017. Þar er lagt til að á næstu 10 árum verði bætt við 60 nýjum rýmum, ef frá eru talin 10 dagdvalarrými fyrir aldrað fólk (sbr. tillögu númer 6). Í ágúst 2017 var bætt við 8 nýjum rýmum með þjónustusamningi við Ás styrktarfélag til að mæta einstaklingum sem luku framhaldsskóla í vor. Fyrir næstu 3 árganga eða einstaklinga fædda á árunum 1998-2000 má reikna með að meðaltals nýgengi inn í þjónustuna séu 11 einstaklingar á ári. Ef við lítum til næstu sex árganga þar á eftir eða einstaklinga fædda á árunum 2001-2006 má reikna með að nýgengi verði að meðaltali 15 einstaklingar á ári. Ef miðað er við að úrgengi úr þjónustunni verði í samræmi við undanfarin ár má reikna með að uppbyggingarþörfin verði eftirfarandi.</i></p>		<p>Aukin atvinnuuppbygging fyrir ungt fólk með fötlun.</p>	<p>E1-1: Semja við Ás um 9 rými til viðbótar sem mæta þörf biðlista og nýgengis (ef tillaga 6 er ekki framkvæmd þarf að semja um 19 rými)</p>	<p>Lokið</p>		<p>Skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks.</p>	<p>2018</p>	<p>Lokið</p>
			<p>E1-2: Miða lóðuberg meira að yngri notendum og auka tengsl út í atvinnulífið.</p>	<p>Breyting</p>	<p>Flestir þeir sem nýta sér þjónustu lóðubergs eru farnir að eldast og því er skynsamlegra að breyta lóðubergi í takt við það. Færa þann hluta starfseminnar sem kallast „Sérsvéitin“ upp í Arnarbakka og tengja hana Smíðastofunni og síðar Völvufelli.</p>	<p>Forstöðumadur lóðubergs.</p>	<p>2019</p>	<p>Unnið er að tillögum að breytingum á lóðubergi, sbr. D liður.</p>
			<p>E1-3: Opna nýjan starfsstað með nýjar nálganir og rými fyrir 20 einstaklinga sem skapar möguleika á að fólk geti skipt um starfsstað. Rýmið myndi mæta þörf fyrir ný rými næstu 3 árin. Horft yrði til hæfingarstaðar þar sem fólk er í vinnu úti í samfélaginu með aðstoð.</p>	<p>Í vinnslu</p>	<p>Hafin er vinna við samning við Ás styrktarfélag vegna nema sem útskrifast úr framhaldsskóla árið 2019. Unnið er að tillögum að útfærslu að nýjum starfsstað með nýjar nálganir og rými fyrir 20 einstaklinga sem myndi skapa möguleika á að fólk geti skipt um starfsstað. Horft verður til hæfingarstaðar þar sem fólk getur ýmist verið í vinnu úti í samfélaginu með aðstoð, sinnt virkni á staðnum eða tekið þátt í skapandi verkefnum. Verið er að skoða möguleika á að nýta húsnæði sem Reykjavíkurborg á. Einnig þarf að huga að því að mæta fjölgun notenda sem fyrirséð er frá 2022.</p>	<p>Skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks</p>	<p>2019 og 2020</p>	<p>Starfsemi er hafin í Völvufelli (Ópus) þar sem gert er ráð fyrir að 7 - 10 einstaklingar starfi þegar vinnustofan kemst í fulla starfsemi. Formleg opnun verður í byrjun mars. Áherslan verður á einstaklingsmiðaða nálgun þar sem einstaklingar geta sótt vinnu annars staðar með aðstoð, unnið verkefni í Ópus og fengið félagslega örvun. Þá er hafinn undirbúningur að stofnun sambærilegs vinnustaðar með útskriftarnema 2020/2021 í huga.</p>

F	Tillaga 8: Starfsþjálfun fyrir langtímaatvinnulausa án fötlunargreiningar	Markmið	Aðgerð/verkefni	Staða verkefnis	Nánar um stöðu	Ábyrgð	Verklok	1.2.2020
	<p><i>Unnið verði að því innan Reykjavíkurborgar að hægt sé að bjóða einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í starfsþjálfun hjá Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að einstaklingum með fjárhagsaðstoð hafi fækkað síðustu ár þá liggur það fyrir að þeir sem ekki hafa komist á vinnumarkað af einhverjum ástæðum þurfa sérstaka aðstoð til virkni. Um er að ræða einstaklinga sem geta verið með skerta starfsgetu án þess þó að vera með fötlunargreiningu. Hópurinn sem um ræðir hefur verið lengi utan vinnumarkaðar en vilji er til að bæta lífsgæði sín en treysta sér ekki á almennan markað og þurfa mögulega eftirfylgd í starf.</i></p>	<p>Aukin atvinnuuppbygging fyrir ungt fólk með fötlun.</p>	<p>F1-1: Setja af stað tilraunaverkefni fyrir einstaklinga með fjárhagsaðstoð þar sem boðið verður upp á fjölbreytt störf innan borgarinnar í formi starfsþjálfunar. Um er að ræða hlutastörf með sveigjanlegan vinnutíma. Störfin verða veitt í allt að 12 mánuði.</p>	<p>Í vinnslu</p>	<p>Tilraunaverkefnið var sett af stað í febrúar 2019. Búið er að ganga frá ráðningu 2 starfsmanna í samtals 1,5 stg., sem hafa þegar hafið störf. Atvinnuráðgjafi og verkefnisstjóri sem heldur utan um verkefnið. Stýrihópur og verkefnahópur jafnframt stofnaðir. 18 tilvísanir frá þjónustumiðstöðvum hafa borist, þar af 6 tilvísanir úr átaksverkefnum (Kvennasmíðju, Karlasmiðju og Grettistaki). Hluti einstaklinganna hefur þegar hafið störf. Verið er að þróa mælikvarða til að taka út verkefnið þegar því lýkur.</p>	<p>Skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafarþjónustu</p>	<p>2019</p>	<p>Tilvísanir frá apríl 2019 eru samtals 70, þar af eru 9 einstaklingar úr átaksverkefnum. Jafnan er unnið með 25 manna hóp á hverjum tíma og því eru 29 einstaklingar á bið eftir þjónustu IPS. 19 hafa verið teknir út úr verkefninu af ýmsum ástæðum. 12 einstaklingar eru komnir í vinnu með beinum stuðningi IPS.</p>